

Dómsorð:

Stefndi, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, persónulega og fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, greiði stefnanda, Jóni Gunnari Zoëga héraðsdómslögmanni, Reykjavík (starfsstofa Garðastræti 3), kr. 362.105 ásamt 2% dráttarvöxtum af kr. 360.000 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 30. maí 1976 til greiðsludags og kr. 95.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. október 1978.

Nr. 148/1977. **Jósafat Arngrímsson**

(sjálfur)

gegn

Halldóri Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Dóm þennan kveða upp hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1977. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 160.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefnda, Halldóri Sigurðssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 160.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 3. júní 1977.

Mál þetta, sem þingfest var 10. nóvember 1976 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 31. maí 1977, hefur Halldór Sigurðsson, Brekkugerði 12, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 3. nóv. 1976, gegn Jósafat Arngrímssyni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, persónulega og fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, en hann er einkaeigandi þess fyrirtækis, til greiðslu vixils að fjárhæð kr. 368.470 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 6. júní 1976 til greiðsludags, afsagnarkostnaðar, kr. 1.645, stimpilkostnaðar, kr. 880, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi kveður skuld þessa vera skv. vixli, útgefnum 22. mars 1976 af stefnda, Jósafat Arngrímssyni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og samþykktum af sama fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, til greiðslu 6. júní 1976 í Verzlunarbanka Íslands h/f, Keflavík, en vixill þessi, sem var afsagður vegna greiðslufalls 9. júní 1976, er ábakinn af útgefanda.

Stefndi hefur krafist sýknu og málskostnaðar. Hefur hann uppi þá varnarástæðu um efni máls, að undirskrift hans sem samþykkjanda fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, sé fölsuð á umstefndum vixli, sbr. c lið 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Með bréfi, dagsettu 7. júlí 1976, kærði stefndi til rannsóknarlögreglunnar í Keflavík yfir því, að undirskrift hans sem samþykkjanda fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, væri fölsuð á áður nefndum vixli. Jafnframt því lagði hann fram ljósrit af níu vixlum, sem stefnt hafði verið út af í öðrum málum og stefndi taldi einnig hafa að geyma falsaða undirskrift samþykkjanda. Við opinbera rannsókn vegna kæru þessarar var m. a. leitað til Maríu Bergmann rithandarsérfræðings. Í álitserð, dag-

settri 23. ágúst 1976, kemst hún að þeirri niðurstöðu, að ritun sannaðra rithandarsýnishorna og ritun nafnsins Jósafat Arngrímsson, þar sem það er ritað sem samþykkjandi umræddra níu víxla, hafi verið gerð af sömu persónu.

Með bréfi rikissaksóknara, dagsettu 6. apríl 1977, til bæjarfógetans í Keflavík var tilkynnt, að eigi væri af hálfu ákærvaldsins krafist frekari aðgerða í málinu.

Samkvæmt framanrituðu og með hliðsjón af 154. gr. laga nr. 85/1936 telur dómurinn, að sönnur hafi ekki fengist fyrir því, að undirskrift samþykkjanda á umstefndum víxli sé fölsuð.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnukrafan verður tekin til greina að öllu leyti.

Eftir þessum málalokum verður stefndi einnig dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, persónulega og fyrir hönd Verslunarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, greiði stefnanda, Halldóri Sigurðssyni, Brekkugerði 12, Reykjavík, kr. 370.995 ásamt 2% dráttarvöxtum af kr. 368.470 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 6. júní 1976 til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.